



Alþingi
Erindi nr. P 133/1376
komudagur 5.3.2007

-Alþingi
Nefndarsvið
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík-

Reykjavík, 5. mars 2007
Tilvísun: 200702-0056

Efni: Umsögn um frumvarp til laga um breytingu á lögum um rannsóknir og nýtingu á auðlindum í jörðu, 542. mál.

Alþýðusambandi Íslands hefur borist til umsagnar frumvarp til laga um breytingu á lögum um rannsóknir og nýtingu á auðlindum í jörðu, 542. mál.

ASÍ telur að við útgáfu leyfa til rannsókna og nýtingar á auðlind sem er í sameign þjóðarinnar skuli m.a. hafa eftirfarandi að leiðarljósi:

- Leyfin skulu veitt á grundvelli hlutlægra viðmiðana sem gerð eru opinber í auglýsingum.
- Setja skal ströng skilyrði fyrir veitingu leyfanna, m.a. um að áætlanir um fyrirhugaðar rannsóknir og nýtingu séu í samræmi við reglur um réttindi launafólks og vinnuvernd.
- Gegn leyfum komi ailtaf endurgjald sem tryggi landsmönnum eðlilegan arð af auðlindinni.
- Gæta ber hófs við beitingu eignarnámsheimilda og tryggt verður að vera að efnisleg skilyrði um almannabörf sem og öli formleg skilyrði séu uppfyllt.

Um heimildir til bráðabirgða

Alþýðusambandið fagnar því að setja eigi af stað vinnu til að móta framtíðarstefnu um nýtingu og vernd auðlinda í jörðu. Á hinn bóginn vill sambandið vara við þeim rúmu heimildum sem frumvarpið veitir til útgáfu leyfa þangað til slík stefna liggur fyrir. ASÍ telur að takmarka beri útgáfu slíkra leyfa eins og unnt er þar til framtíðarstefnan liggur fyrir.

F. h. Alþýðusambands Íslands,

Stefán Úlfarsson
Hagdeild ASÍ